

PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING STEFNIS HF.

1. INNGANGUR

Stefni hf. (hér eftir vísað til „Stefnis“ eða „félagsins“) er umhugað um persónuvernd. Persónuvernd einstaklinga skiptir félagið miklu máli og er lögð sérstök áhersla á að persónuupplýsingar séu unnar með lögmatum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti.

Í persónuverndaryfirlýsingu þessari er m.a. að finna útskýringar á því hvaða persónuupplýsingum félagið safnar um viðskiptavini, hvenær og hvers vegna, á hvaða grundvelli, hve lengi má ætla að upplýsingarnar verði geymdar, hvert upplýsingunum kann að verða miðlað og með hvaða hætti er gætt að öryggi þeirra. Það sama á við um vinnslu félagsins á persónuupplýsingum um tengiliði viðskiptavina sem eru lögadilar, umsækjendur um störf og aðra einstaklinga sem kunna að heimsækja eða hafa samband við félagið í öðrum tilgangi. Í persónuverndaryfirlýsingunni er jafnframt að finna upplýsingar um réttindi einstaklinga vegna þeirrar vinnslu sem félagið viðhefur.

Persónuverndaryfirlýsing þessi gildir um þá vinnslu sem Stefnir viðhefur sem ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerðar (ESB) 2016/679 („persónuverndarlöggjöfin“). Félagið útvistar hluta af sinni þjónustu til Arion banka og kemur í þeim tilvikum fram sem svokallaður sameiginlegur ábyrgðaraðili með Arion banka. Sjá nánar umfjöllun í kafla 3 í yfirlýsingu þessari.

Vakni spurningar um vinnslu félagsins á persónuupplýsingum eða persónuverndaryfirlýsingu þessa er tekið við þeim á netfangið personuverndarfulltrui@stefnir.is.

2. PERSÓNUUPPLÝSINGAR SEM STEFNIR VINNUR

2.1 Persónuupplýsingar sem unnar eru um viðskiptavin

Í eftirfarandi töflu má finna yfirlit yfir þær persónuupplýsingar sem Stefnir vinnur um viðskiptavin, í hvaða tilgangi vinnslan fer fram og á grundvelli hvaða heimildar. Sé unnið með aðrar upplýsingar en tilgreindar eru í töflunni, eða öðrum tilgangi, mun félagið leitast við að upplýsa viðskiptavin um það.

Vinnsla sem tengist vörum og þjónustu	
Hvernig vinnur félagið með persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi?	<p>Unnið er með persónuupplýsingar þegar viðskiptavinur stofnar til viðskiptasambands við félagið. Félagið gerir það til að veita viðskiptavini þá þjónustu sem hann óskar eftir.</p> <p>Félagið fær upplýsingarnar beint frá viðskiptavini, úr kerfum félagsins, frá þriðju aðilum eftir því sem við á eða úr opinberum gögnum.</p>
Hver er lagalegur grundvöllur vinnslunnar?	<p>Vinnsla persónuupplýsinga er forsenda þess að félagið geti veitt þá þjónustu sem viðskiptavinur óskar eftir og er því nauðsynleg til að efna samning við viðskiptavin.</p> <p>Þá er félaginu jafnframt skylt á grundvelli laga að vinna með tilgreindar persónuupplýsingar viðskiptavinar, t.d. í samræmi við gildandi lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, lög um markaði fyrir fjármálagerninga, lög um verðbréfasjóði og lög um sérhæfða sjóði.</p>
Hvaða persónuupplýsingar vinnur félagið?	<p>Félagið vinnur með mismunandi persónuupplýsingar eftir því hvaða vöru og þjónustu um ræðir. Flokka má þær persónuupplýsingar sem unnar eru með eftirfarandi hætti:</p> <ul style="list-style-type: none"> Auðkennisupplýsingar, þ.e. nafn, kennitala, viðskiptamannanúmer, rafrænt auðkenni og afrit af persónuskilríkjum. Samskiptaupplýsingar, þ.e. upplýsingar um heimilisfang, símanúmer og netfang. Fjárhagslegar upplýsingar er varða þá vöru eða þjónustu sem viðskiptavinur óskar eftir eða er með hjá félaginu, s.s. upplýsingar um viðskiptasögu, greiðslugetu, veltu, stöðu á reikningum o.s.frv.

Samskipti	
<i>Hvernig vinnur félagið með persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi?</i>	<p>Félagið þjónustar viðskiptavin í gegnum ýmsar samskiptaleiðir. Félagið vinnur persónuupplýsingar til að geta veitt viðskiptavini þjónustu sem hann óskar eftir, svarað fyrirspurnum og veitt viðeigandi upplýsingar.</p> <p>Í þeim tilgangi að bæta þjónustu sína kann félagið einnig að óska eftir því að viðskiptavinur taki þátt í þjónustu- og samskiptakönnunum er varða félagið sjálft og vörur og þjónustu sem það veitir.</p>
<i>Hver er lagalegur grundvöllur vinnslunnar?</i>	<p>Vinnslan er nauðsynleg til að efna samning.</p> <p>Vinnsla er tengist þjónustu- og samskiptakönnunum byggir á lögmætum hagsmunum félagsins og það sama á við um vinnslu upplýsinga er varða notkun á stafrænum miðlum félagsins.</p>
<i>Hvaða persónuupplýsingar vinnur félagið?</i>	<p>Félagið vinnur með auðkennis- og samskiptaupplýsingar viðskiptavinar, efni skilaboða sem viðskiptavinur sendir félaginu og eftir atvikum fjárhagslegar upplýsingar í tengslum við óskir viðskiptavina hverju sinni.</p> <p>Í tengslum við notkun á stafrænum miðlum vinnur félagið auk þess með IP tölu viðskiptavinar, aðgerðarskráningar, innskráningarleið, tegund vafra, tegund og stýrikerfi tækis sem viðskiptavinur notar. Slík vinnsla fer m.a. fram í þeim tilgangi að geta fylgt eftir ráðleggingum og meðmælum.</p> <p>Í tengslum við þjónustu- og samskiptakannanir vinnur félagið jafnframt með samskiptaupplýsingar viðskiptavinar og niðurstöður kannanna.</p>

Markaðssetning á vörum og þjónustu	
<i>Hvernig vinnur félagið með persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi?</i>	<p>Í því skyni að kynna fyrir viðskiptavin vörur og þjónustur félagsins áskilur félagið sér rétt til að senda viðskiptavin markaðsskilaboð.</p> <p>Slík markaðsskilaboð geta verið send með pósti, símtali, tölvupósti, með stafrænum miðlum eða með öðrum hætti.</p>
<i>Hver er lagalegur grundvöllur vinnslunnar?</i>	<p>Félagið hefur lögmæta hagsmuni af því að vinna persónuupplýsingar vegna markaðssetningar á vörum og þjónustu.</p> <p>Viðskiptavinur hefur alltaf rétt til að andmæla vinnslu félagsins á persónuupplýsingum hans sem unnar eru til notkunar í þágu markaðssetningar, sbr. nánar kafla 7.3 í yfirlýsingu þessari.</p> <p>Í þeim tilvikum er félagið vill nýta persónuupplýsingar viðskiptavinar og framkvæma dýpri greiningu á persónuupplýsingum viðskiptavinar í tengslum við markaðssetningu á vörum og þjónustu kann félagið að óska eftir sérstöku samþykki fyrir þeirri vinnslu.</p> <p>Veiti viðskiptavinur félaginu samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við markaðssetningu hefur viðskiptavinur ávallt rétt til að afturkalla samþykki sitt, sbr. nánar kafla 7.5 í yfirlýsingu þessari.</p>
<i>Hvaða persónuupplýsingar vinnur félagið?</i>	<p>Félagið nýtir samskiptaupplýsingar viðskiptavinar til að senda honum markaðsskilaboð.</p> <p>Í tengslum við almenna markaðssetningu á vörum og þjónustu vinnur félagið með auðkennisupplýsingar um viðskiptavin, s.s. aldur og/eða upplýsingar um fjölskylduhagi.</p> <p>Í þeim tilgangi að geta sent viðskiptavin aðsníðnari markaðsskilaboð kann félagið þó einnig að vinna með persónuupplýsingar viðskiptavinar sem byggja á viðskiptasögu, vörunotkun og samskiptum viðskiptavinar við félagið.</p>

	Þá kann félagið að vinna með upplýsingar um áhugamál viðskiptavinar í þeim tilgangi að geta boðið honum á viðburði sem viðskiptavinur kann að hafa áhuga á og/eða til að veita aðsníðnari þjónustu.
--	---

Vöruþróun og rekstur upplýsingatækniherfa

<i>Hvernig vinnur félagið með persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi?</i>	Í þeim tilgangi að þróa og bæta vörur og þjónustur félagsins og greina þörf fyrir nýjum vörum og þjónustum nýtir félagið persónuupplýsingar viðskiptavina. Einnig vinnur félagið með persónuupplýsingar í ákveðnum tilfellum við þróun og prófun á kerfum félagsins. Þróun og prófun er nauðsynleg til að tryggja gæði og öryggi kerfa félagsins. Félagið leitast við að gera persónuupplýsingar viðskiptavinar ópersónugreinanlegar og vinna þannig með þær í framangreindum tilgangi.
<i>Hver er lagalegur grundvöllur vinnslunnar?</i>	Vinnslan byggir á lögmætum hagsmunum félagsins.
<i>Hvaða persónuupplýsingar vinnur félagið?</i>	Þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur með í tengslum við vöruþróun og rekstur upplýsingakerfa geta verið allar þær upplýsingar sem félagið vinnur um viðskiptavin í tengslum við veitingu vöru og þjónustu og samskipti viðskiptavinar við félagið.

Innra eftirlit félagsins og áhættustýring

<i>Hvernig vinnur félagið með persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi?</i>	Félagið vinnur með persónuupplýsingar viðskiptavina við mat á áhættu, hvort sem um ræðir innri starfsemi félagsins eða beint við viðskiptaákvæðanir í tengslum við viðskiptasamband við viðskiptavin. Vinnslan fer fram við stofnun viðskiptasambands og meðan á viðskiptasambandi stendur.
<i>Hver er lagalegur grundvöllur vinnslunnar?</i>	Félaginu ber lagaleg skylda til að vinna persónuupplýsingar í samræmi við þau lög sem gilda um starfsemi félagsins hverju sinni. Þá byggir vinnsla sem tengist innra eftirliti félagsins einnig á lögmætum hagsmunum.
<i>Hvaða persónuupplýsingar vinnur félagið?</i>	Þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur með í tengslum við innra eftirlit og áhættustýringu geta verið allar þær upplýsingar sem félagið vinnur um viðskiptavin í tengslum við veitingu vöru og þjónustu, samskipti viðskiptavinar við félagið og vinnslu er tengist aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

<i>Hvernig vinnur félagið með persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi?</i>	Félaginu er skylt að þekkja viðskiptavini sína og framkvæma áhættumat. Við stofnun viðskiptasambands þurfa allir viðskiptavinir að fara í gegnum áreiðanleikakönnun. Í ákveðnum tilfellum þurfa viðskiptavinir að fara í gegnum aukna áreiðanleikakönnun. Félaginu er skylt að viðhafa eftirlit með viðskiptasamböndum.
<i>Hver er lagalegur grundvöllur vinnslunnar?</i>	Félaginu ber skylda skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka að vinna persónuupplýsingar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Vinnslan byggir þannig á lagaskyldu.
<i>Hvaða persónuupplýsingar vinnur félagið?</i>	Þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka má flokka með eftirfarandi hætti: <ul style="list-style-type: none"> • Auðkennisupplýsingar

	<ul style="list-style-type: none">• Samskiptaupplýsingar• Upplýsingar um fjölskylduhagi• Fjárhagsupplýsingar• Upplýsingar um stjórn mála tegl tengsl
--	---

2.2. *Persónuupplýsingar tengiliða og forsvarsmanna*

Í þeim tilvikum sem viðskiptavinir félagsins eru lögaðilar vinnur félagið með samskiptaupplýsingar forsvarsmanna þeirra, t.d. er unnið með undirritunarheimildir og stöðu viðkomandi. Er það gert m.a. í þeim tilgangi að vera í samskiptum við viðskiptavininn og tryggja að viðkomandi hafi heimild til að skuldbinda lögaðilann. Þá vinnur félagið með upplýsingar um eigendur viðkomandi lögaðila, stjórn, framkvæmdastjórn, prókúruumboð, ábyrgðaraðila og eftir atvikum aðra tengiliði. Auk þessa kann félagið að vinna með upplýsingar um áhugamál tengiliða viðskiptavina í markaðstilgangi, s.s. í tengslum við boð á viðburði. Í þeim tilvikum sem forsvarsmáður lögaðila er ekki viðskiptavinur félagsins kann Stefnir að vinna með persónuupplýsingar í ofangreindum tilgangi s.s. við skoðun á fjárfestingatækifærum.

Þessi vinnsla byggir á lögmatum hagsmunum félagsins og eftir atvikum lagaskyldu.

2.3 *Persónuupplýsingar umsækjenda um störf*

Félagið vinnur með afrit af umsóknum frá umsækjendum um störf og þær upplýsingar sem þar koma fram, s.s. nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang, menntun, hæfni og starfsreynslu. Þá kann félagið að vinna með upplýsingar um meðmælendur og upplýsingar sem aðgengilegar eru opinberlega, s.s. á samfélagsmiðlum.

Ef félagið býður umsækjanda starf er að jafnaði óskað eftir sakavottorði og upplýsingum um fjárhagslega stöðu viðkomandi ásamt annars konar upplýsingum, s.s. sem staðfesta menntun og reynslu.

Umsókn um starf er varðveitt í 6 mánuði.

Vinnsla félagsins á upplýsingum um umsækjendur byggir á beiðni viðkomandi um að gera samning við félagið og eftir atvikum lögmatum hagsmunum félagsins.

2.4 *Vinnsla persónuupplýsinga ólögráða barna*

Félagið vinnur með persónuupplýsingar um börn þegar það er nauðsynlegt í þeim tilgangi að framkvæma umbeðin viðskipti eða þjónustu, t.d. vörslu í sjóðum í Stefnis. Arion banki gerir þá samning eða aflar sérstakt samþykkið forráðamanna fyrir vinnslu áður en barni sem ekki hefur náð 13 ára aldri er boðin þjónusta.

2.5 *Rafræn vöktun*

Félagið viðhefur rafræna vöktun í formi hljóðritunar símtala og eftirlits með notkun eftirlitsmyndavéla. Vöktun með myndavélum fer fram á starfsstöð Stefnis í húsnæði Arion banka. Vöktunin fer fram í þeim tilgangi að tryggja öryggi, í eignavörsluskyni og í þeim tilgangi að lágmarka áhættu á svikum. Efni sem til verður við rafræna vöktun er varðveitt í samræmi við lög og reglur hverju sinni.

Vinnsla er tengist rafrænni vöktun byggir á lögmatum hagsmunum og kemur Arion banki fram sem ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu er tengist myndavélavöktun en Arion banki og félagið sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar þeirrar vinnslu sem tengist hljóðritun símtala. Nánari upplýsingar um vinnslu er tengist rafrænni vöktun má finna í persónuverndaryfirlýsingu Arion banka.

2.6 *Önnur vinnsla*

Í þeim tilvikum er aðrir en viðskiptavinir, eða tengiliðir og forsvarsmenn viðskiptavina og annarra samstarfs- og eftirlitsaðila, setja sig í samband við félagið kann félaginu að vera nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar viðkomandi. Það á t.a.m. við ef félaginu berst styrktarbeiðni frá viðskiptavin og/eða hvers konar ábending er lýtur að félaginu.

3. HLUTVERK STEFNIS OG ARION BANKA

Stefnir kemur fram sem ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlöggjafarinnar í tengslum við alla þá vinnslu sem tilgreind er í persónuverndaryfirlýsingu þessari. Í þeim tilvikum er viðskipti í sjóðum Stefnis og tengd þjónusta fer fram hjá Arion banka kemur félagið hins vegar fram sem sameiginlegur ábyrgðaraðili með bankanum í tengslum við slík viðskipti. Þá koma Stefnir og Arion banki fram sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar í þeim tilvikum þegar eignastýring bankans og tengd þjónusta fer fram hjá Stefni.

Í þeim tilvikum er Stefnir felur Arion banka aðstoð í tengslum við ráðningarmál koma félögin fram sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf.

Þegar Stefnir og Arion banki koma fram sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar er félögunum nauðsynlegt að miðla upplýsingum um viðskiptavinum sín á milli, að því marki sem slík miðlun er nauðsynleg þannig að hvor aðili um sig geti þjónustað viðkomandi viðskiptavinum í tengslum við viðskipti í sjóðum Stefnis. Það sama á við um miðlun upplýsinga um umsækjendur um störf.

Komi til þess að Stefnir og eftir atvikum Arion banki eða önnur félög innan samstæðunnar, bjóði viðskiptavinum sameiginlega vöru eða þjónustu, s.s. í tengslum við sérstaka vildarþjónustu, má einnig ganga út frá því að Stefnir komi fram sem sameiginlegur ábyrgðaraðili með viðkomandi félagi.

Þá getur Stefnir einnig óskað eftir sérstöku samþykki frá viðskiptavin til að miðla upplýsingum til Arion banka eða annarra aðila, s.s. í markaðslegum tilgangi, í þeim tilvikum þegar aðilar koma ekki fram sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar.

4. HVERT ER UPPLÝSINGUM MIÐLAÐ?

Stefni kann að vera nauðsynlegt að miðla persónuupplýsingum um þá einstaklinga sem félagið vinnur með til utanaðkomandi aðila.

4.1 Þriðju aðilar

Með þriðja aðila er átt við sjálfstæðan lögaðila, annan en Stefni, eða einstakling sem ekki er starfsmaður félagsins. Miðlun félagsins á persónuupplýsingum einstaklinga til þriðju aðila fer fram í mismunandi tilgangi. Á grundvelli laga, reglugerða, dóms- og stjórnvaldsúrskurða og fyrir mæla stjórnvalda kann Stefnir að vera skylt að miðla upplýsingum, einkum um viðskiptavinum, til þriðja aðila og þar til bærra stjórnvalda. Á grundvelli skýrrar lagaheimildar geta yfirvöld eins og Fjármálaeftirlitið, Seðlabanka Íslands, Embætti héraðssaksóknara og ríkisskattstjóra og lögreglan óskað eftir upplýsingum frá Stefni um viðskiptavinum og aðra. Stefnir ber skylda til að verða við slíkum beiðnum og eftir atvikum veita yfirvöldum aðgang að starfssvöðum og upplýsingakerfum Stefnis í þeim tilgangi.

Sumir þjónustuaðilar félagsins koma fram sem sjálfstæðir ábyrgðaraðilar, s.s. lögmenn og endurskoðendur. Í þeim tilvikum sem nauðsynlegt er að miðla persónuupplýsingum einstaklinga til slíkra aðila, í tengslum við veitta þjónustu, þ.m.t. í tengslum við hagsmunagæslu og rekstur dómsmála, er um að ræða miðlun persónuupplýsinga til þriðju aðila. Slík miðlun byggir einkum á lögmætum hagsmunum félagsins og er miðlunin eftir atvikum nauðsynleg í þeim tilgangi að stofna, hafa uppi eða verjast réttarkröfu.

Þá kann Stefnir að vera nauðsynlegt að miðla upplýsingum til dómstóla komi upp ágreiningur í tengslum við starfsemi félagsins.

Upplýsingar sem safnast með rafrænni vöktun kann Stefnir að vera heimilt að miðla til lögreglu eða tryggingarfélags, s.s. í tilvikum eignartjóns þegar Stefnir er nauðsynlegt að gera kröfu.

Í tengslum við mögulegar sameiningar og/eða kaup og sölu kann Stefnir jafnframt að miðla afmörkuðum upplýsingum um viðskiptavinum til hugsanlegra fjárfesta og ráðgjafa, s.s. við framkvæmd áreiðanleikakönnunar.

4.2 Vinnsluaðilar

Stefnir nýtir utanaðkomandi aðila í tengslum við ýmiss konar þjónustu, s.s. í tengslum við upplýsingatækni. Í tengslum við slíka þjónustu kann Stefnir að vera nauðsynlegt að miðla eða veita þjónustuveitendum aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Stefnir vinnur og koma þjónustuveitendur þá fram sem svokallaðir vinnsluaðilar. Í þeim tilvikum tryggir Stefnir að viðkomandi aðilar hafi gripið til fullnægjandi öryggisráðstafana til að vernda

persónuupplýsingar og gerir Stefnir við þá aðila viðeigandi vinnslusamninga. Vinnsluaðilar vinna einungis með persónuupplýsingar innan þess tilgangs og að því marki sem Stefnir ákveður.

4.3 Miðlun persónuupplýsinga utan EES

Í vissum tilvikum kann persónuupplýsingum að vera miðlað úr landi og út fyrir Evrópska efnahagssvæðið („EES“). Stefnir miðlar þó ekki persónuupplýsingum út fyrir EES nema á grundvelli viðeigandi heimilda í persónuverndarlöggjöfinni og að því gefnu að gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana.

5. ÖRYGGI PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM STEFNIR VINNUR

Rík skylda hvílir á Stefni að gæta öryggis þeirra persónuupplýsinga sem félagið vinnur með og er Stefnir með vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt upplýsingastaðlinum ÍST ISO/IEC27001. Þær skyldur rækir Stefnir m.a. með því að meta áhættu sem stöðjar að viðkomandi vinnslu, til dæmis hættu á að óviðkomandi fái aðgang að persónuupplýsingunum eða þær skemmist eða verði eytt og að beita ráðstöfunum til að stemma stigu við slíkri hættu. Þær öryggisráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, raunlægu öryggi, mannaöðsöryggi, rekstraröryggi og samskiptaöryggi. Þá er til staðar innra eftirlit með ofangreindu auk þess sem áhættumat félagsins sætir reglulegri endurskoðun.

6. VARÐVEISLUTÍMI PERSÓNUUPPLÝSINGA

Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan viðskiptasamband viðskiptavinar og Stefnis varir eða eins lengi og nauðsynlegt er með hliðsjón af tilgangi vinnslu, skilmálum samninga, reglna Stefnis og að því gefnu að málefnalegar ástæður séu til staðar. Félaginu kann að vera nauðsynlegt að varðveita upplýsingar á grundvelli lagaskyldu. Þannig eru bókhaldsgögn varðveitt í sjö ár, upplýsingar er tengjast peningþvætti og könnun á áreiðanleika í fimm ár frá því að einstökum viðskiptum eða viðskiptasambandi lýkur og afriti af viðskiptafyrirmælum í fimm ár.

7. RÉTTINDI EINSTAKLINGA Á GRUNDEVLLI PERSÓNUVERNDARLÖGGJAFARINNAR

Persónuverndarlöggjöfin tryggir þeim einstaklingum sem Stefnir vinnur persónuupplýsingar um ýmis réttindi. Umrædd réttindi eru þó ekki fortakslaus og kunna lagaskyldur eða ríkari hagsmunir félagsins eða þriðja aðila að koma í veg fyrir að Stefnir geti orðið við beiðni einstaklings. Stefnir leitast við að svara öllum beiðnum einstaklinga sem nýta vilja réttindi sín á grundvelli persónuverndarlöggjafarinnar innan 30 daga og geti Stefnir af einhverjum ástæðum ekki orðið við beiðni, hvort sem er í heild eða hluta, leitast Stefnir við að rökstyðja slíka niðurstöðu.

7.1 Aðgangur að eigin persónuupplýsingum

Einstaklingar eiga rétt á að vita hvort Stefnir sé að vinna með persónuupplýsingar um þá og að fá upplýsingar um vinnsluna, s.s. um tilgang, hvert þeim er miðlað, uppruna, hvort sjálfvirk ákvarðanatata fari fram og upplýsingar um rétt sinn. Þá geta einstaklingar jafnframt átt rétt til að fá afrit af þeim persónuupplýsingum sem Stefnir vinnur um viðkomandi.

7.2 Leiðrétting persónuupplýsinga og eyðing

Telji einstaklingur að þær persónuupplýsingar sem Stefnir vinnur um hann séu óáreiðanlegar eða rangar á viðkomandi rétt á því að fá þær leiðréttar.

Í ákveðnum tilvikum á einstaklingur rétt á því að fara fram á að Stefnir eyði persónuupplýsingum um hann, s.s. ef einstaklingur telur upplýsingarnar ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra. Hið sama á við ef einstaklingur dregur til baka samþykki um vinnslu persónuupplýsinga og ekki er annar lagagrundvöllur fyrir vinnslunni eða ef vinnsla upplýsinganna reynist ólöglegt.

7.3 Andmælaréttur og takmörkun vinnslu

Einstaklingur sem Stefnir vinnur persónuupplýsingar um á alltaf rétt á því að andmæla vinnslu persónuupplýsinga um sig þegar persónuupplýsingar eru unnar til notkunar í þágu markaðssetningar.

Einstaklingur á rétt á að óska eftir því að Stefnir takmarki vinnslu persónuupplýsinga um sig ef hann telur að upplýsingarnar séu ekki réttar, vinnsla upplýsinganna sé ólöglegt eða að Stefnir þurfi ekki lengur á upplýsingum að halda en einstaklingar þarfnast þeirra til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.

7.4 Flutningsréttur

Í tilgreindum tilvikum, er vinnsla byggir á samningi eða samþykki, getur einstaklingur sem afhent hefur Stefni persónuupplýsingar um sig með rafrænum hætti átt rétt á því að fá afrit af slíkum upplýsingum á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu sniði. Einstaklingur getur einnig óskað eftir að Stefni sendi viðkomandi upplýsingar beint til þriðja aðila.

7.5 Afturköllun samþykkis

Í þeim tilvikum þar sem vinnsla félagsins byggir á samþykki getur einstaklingur sem veitti Stefni samþykki hvenær sem er dregið það til baka. Afturköllun samþykkis hefur þó ekki áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkisins fram að afturköllun.

7.6 Kvörtun til Persónuverndar

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar og úrskurðar í ágreiningsmálum á sviði persónuverndar. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á vefsíðu hennar, personuvernd.is. Ef einstaklingur er ekki sáttur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum um sig er hægt að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd með því að fylla út kvörtunareyðublað sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar eða senda erindi á Persónuvernd, Laugavegi 166, 4. hæð, 105 Reykjavík.

8. SAMSKIPTAUPPLÝSINGAR STEFNIS OG PERSÓNUVERNDARFULLTRÚA

Vilji einstaklingur sem Stefni vinnur persónuupplýsingar um nýta réttindi sín á grundvelli persónuverndarlöggjafarinnar, sbr. kafla 7 í persónuverndaryfirlýsingu þessari, eða hafi viðkomandi spurningar um vinnslu félagsins á persónuupplýsingum er viðkomandi hvattur til að setja sig í samband við félagið með því að hafa samband í síma, 444-7400 eða senda tölvupóst á info@stefnir.is.

Stefni hefur einnig skipað persónuverndarfulltrúa sem ber ábyrgð á málefnum sem varða persónuvernd. Persónuverndarfulltrúi Stefnis er samnýttur með móðurfélagi félagsins, Arion banka, en þangað er öllum flóknari málum er varða meðhöndlun persónuupplýsinga vísað. Persónuverndarfulltrúinn hefur eftirlit með allri meðferð persónuupplýsinga hjá Stefni. Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúann með því að senda tölvupóst á netfangið personuverndarfulltrui@stefnir.is.

9. HVERNIG UPPFÆRIR EÐA BREYTIÐ STEFNIR PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGUNNI?

Stefni áskilur sér rétt til að breyta þessari persónuverndaryfirlýsingu og bæta við hana hvenær sem er til að endurspeglar sem best þá vinnslu sem fer fram hverju sinni hjá Stefni. Slíkar breytingar eru samþykktar af framkvæmdastjóra og taka gildi án fyrirvara við birtingu á vef Stefnis, nema annað sé tilgreint.

Undirritunarsíða

Jón Finnbogason